

## Úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 26/2004.

**Úrskurður tollstjórans í Reykjavík vegna tollflokunar á pallbifreiðar af gerðinni GMC Sierra 2500 með áfestu pallhýsi er kom til landsins á sendingarnúmeri E BRU 01 09 4 CA SBU W803.**

Embætti tollstjórans í Reykjavík hefur móttengið erindi innflytjanda, dags. 13.09.04, þar sem ákvörðun embættisins varðandi tollflokun á ofnagreiðri pallbifreið ásamt pallhýsi er mótmælt og þess farið á leit að bifreiðin og pallhýsið séu tollafgreidd hvort fyrir sig. Innflytjandi er A.

Málavextir eru þeir að þann 1. október s.l. flutti ofangreindur innflytjandi til landsins nefnda pallbifreið ásamt pallhýsi sem hafði verið komið fyrir á palli bifreiðarinnar. Meðal gagna sem framvísað var við tollafgreiðslu var reikningur frá fyrirtækinu B í Kanada. Var um að ræða heildarreikning fyrir bílinn og húsið að upphæð CAD 22.000. Á aðflutningsskýrslu er sendingin tollflokkuð í tnr. 8704.3129 sem sendibifreið.

Bifreiðin er pallbifreið af gerðinni GSM Sierra 2500 með 5964 cm<sup>3</sup> bensínvél og af árgerð 2000. Bifreiðin er tveggja dyra með rými fyrir aftan framsæti.

Pallhýsið er fest á pall bifreiðarinnar með því að því er rennt inn á pallinn og fellur fremsti hluti þess yfir öikumannshús bifreiðarinnar og er þar svefnrými. Húsið er fest í þessu tilfalli með vírum. Húsið er innréttað með svefnplássum, skápum, sætum og öðrum búnaði til íveru á ferðalögum. Pallhýsið er sagt af árgerð 1994.

Embættið hefur kynnt sér tollflokun á sams konar ökutækjum hjá m.a. Evrópusambandslöndunum. All margir úrskurðir virðast hafa fallið um sams konar ökutæki. Er afrit af einum slíkum úrskurði meðfylgjandi.

Litið er svo á að þegar bifreiðar eru fluttar inn með slíkum hýsum á palli þá sé um eina heild að ræða og skuli tollflokka í einu lagi í samræmi við orðalag vöruliða tollskrár og með hliðsjón af skýringabókum alþjóðatollastofnunar (WCO) og skýringum Evrópusambandsins (KN). Húsibifreiðar eru sérstaklega nefndar í þessum skýringum. Vísast þessu til áréttingar á orðalag undir vörulið 8703 í skýringabókum WCO: “*Motor homes (campers etc.), vehicles for the transport of persons, specially equipped for habitation (with sleeping, cooking, toilet facilities, etc.)*”. Þessir úrskurðir eru allir á þá lund að tollflokka beri bifreiðar útbúnar með þessum hætti í vörulið 8703.

Innflytjandi lagði síðar fram nýja reikninga þar sem verð upprunalegs reiknings hafði verið skipt þannig að sérstakur reikningur var lagður fram yfir pallhýsið og annar yfir bifreiðina. Samkvæmt ákvæðum tollalaga og reglna um tollverð og tollverðsákvörðun er tollyfirvöldum ekki skylt að taka slíkar leiðréttingar reikninga til greina. Þá er óheimilt samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 61/1989 með síðari breytingum að skipta sendingu ef það leiðir til gjaldabreytinga.

Tollflokun mundi þó ekki verða önnur sé litið til erlendra úrskurða sé vörinni framvísað samsettri en verð sundurliðað á reikningum.

## Úrskurður:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum úrskurðar tollstjórinn í Reykjavík að tollflokka beri GSM Sierra 2500 bifreiðina í sendingu E BRU 01 09 4 CA SBU W803 ásamt áfestu pallhýsinu í **tnr. 8703 2499**.

Úrskurðurinn er kæránlegur til ríkistollanefndar, Skúlagötu 57, Reykjavík og er kærufrestur 60 dagar talið frá póstlagningardegi bréfs þessa, sbr. 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum.

Reykjavík 21. desember 2004.